

Föstudaginn 18. desember 1981.

Nr. 257/1981. Eyjólfur Friðgeirsson
Ingimundur Konráðsson
Jakob V. Hafstein og
Pétur Rafnsson

gegn

Fiskeldi h/f og hluthöfum í Fiskeldi h/f,
sem ekki voru áskrifendur að hlutafé
samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi
félagsins 17. apríl 1981.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 1. tl. b. 21. gr. laga 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. desember 1981, sem barst Hæstarétti 11. desember. Þeir krefjast þess, að fyrri hluta dómsorðs hins kærða frávísunardóms um, að kröfum stefnenda á hendur hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, væri sjálfkrafa vísað frá dómi, verði fellt úr gildi. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi þessara varnaraðilja.

Af hálfu þessara varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á hendur varnaraðilja Fiskeldi h/f eru engar kröfur gerðar og engar kröfur af hálfu þess á hendur sóknaraðiljum.

Sóknaraðiljar hafa ekki sýnt fram á, að fyrir hendi séu skilyrði samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936, til að birta megi fyrrgreindum varnaraðiljum stefnu með þeim hætti sem gert var í máli þessu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann að því leyti sem hann er kærður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður að því leyti er hann er kærður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu Fiskeldis h/f 26. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri í Lögbirtingablaði 8. apríl sl., af Eyjólfri Friðgeirssyni fiskifræðingi, Hverfisgötu 47, Ingimundi Konráðssyni framkvæmdastjóra, Bakkagerði 16, Jakob V. Hafstein framkvæmdastjóra, Grenimel 1, og Péttri Rafnssyni framkvæmdastjóra, Hagamel 17, öllum í Reykjavík, gegn Fiskeldi h/f, Reykjavík, svo og hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, sem fylgdi stofnsamningi félagsins hinn 17. apríl 1980.

Dómkröfur stefnenda eru þær,

- (1) að aðalfundur félagsins, sem haldinn var 21. febrúar 1981, verði lýstur ógildur,
- (2) að lýstar verði ógildar sölur hlutabréfa Fiskeldis h/f til annarra en áskrifenda samkvæmt stofnsamningi.
- (3) að stjórn félagsins verði, að viðlögðum 1.000 kr. dagsektum, gert að veita áskrifendum samkvæmt stofnsamningi kost á að leysa til sín áskriftarhluti sína gegn afhendingu hlutabréfa og verði áskrifendum tilkynnt um það sérstaklega, ef ætlunin er, að óinnleystir hlutir verði seldir öðrum en áskrifendum í stað innheimtu þeirra með málssókn,
- (4) að stjórn Fiskeldis h/f verði að því búnu gert, að viðlögðum 1.000 kr. dagsektum, að boða til aðalfundar og stjórnarkjörs,
- (5) að hlutafjárauðing, sem ákveðin kynni að verða af þeim aðalfundi, verði boðin hluthöfum í hlutfalli við hlutafjáreign, sem nú er fyrir hendi orðin,
- (6) að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað, bæði vegna málsmeðferðarinnar fyrir viðskiptaráðherra og fyrir bæjarþinginu, samkvæmt mati dómsins.

Varnaraðili Fiskeldi h/f gerir þær dómkröfur, að 5. lið í dómkröfum stefnenda verði vísað frá dómi, en félagið verði sýknað af öllum öðrum kröfum stefnenda. Auk þess krefst félagið þess, að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða því málskostnað

samkvæmt mati dómsins, bæði vegna reksturs sérstaks kærumáls fyrir viðskiptaráðherra og vegna reksturs máls þessa fyrir bæjarþinginu. Varnaráðili Fiskeldi h/f tekur fram, að hann mæti óstefndur, þar sem honum hafi aldrei verið birt stefnan, en birting í Lögbirtingablaði sé haldlaus gagnvart honum.

Af hálfu annarra stefndu en Fiskeldis h/f hefur ekki verið sótt þing.

Viðskiptaráðherra hefur verið stefnt til réttargæslu, en engar kröfur hafa á hann verið gerðar. Réttargæslustefndi hefur mætt í málinu, en hefur engar kröfur gert.

Deiluaðiljar hafa krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málavöxtum er í stefnu lýst þannig:

„Til skýringar á málavöxtum vísa stefnendur til eftirtalinna ákvæða:

(a) Samkvæmt 3. gr. stofnsamnings félagsins skyldi hlutafé vera kr. 104.500.000, 1045 hlutir á kr. 100.000 hver; fjórðungur hlutafjárins skyldi greiðast innan tveggja vikna frá stofnun félagsins, en afgangurinn verða kræfur, þegar stjórn félagsins ákvæði.

(b) Í 3. málslið 7. gr. samþykktu félagsins segir svo: „Þar til hlutabréf þeirra hafa verið gefin út við fulla greiðslu áskriftarfjár, skulu hluthöfum afhent bráðabirgðaskírteini, er greini fjárhæð þeirra hluta, sem þeir hafa skrifað sig fyrir, og að hve miklu leyti hún er greidd.“

(c) Um áskriftarloforð í vanskilum er vísað til 14. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en í 2. mgr. segir m. a. svo: „Stjórn félagsins skal þá án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda 4 vikna frest til að koma málum sínum í rétt horf.“

(d) Um hlutafjárhækkun segir í 3. mgr. samþykktu félagsins, að stjórn félagsins sé heimilt að hækka hlutafé þess um allt að kr. 104.500.000 með áskrift nýrra hluta, þannig að heildarhlutafé félagsins verði allt að kr. 209.000.000. Skulu hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína, enda skrái þeir sig fyrir nýjum hlutum innan frests, sem stjórnin ákveður og auglýsir. Eftir að sá frestur er liðinn, er stjórninni heimilt að bjóða öðrum til sölu þá hluti, sem áskrift hefur ekki fengist að.

Málavexti segja stefnendur nú í sem stystu máli þá, að stjórnin hafi engin bráðabirgðaskírteini gefið út, en auglýst eftir greiðslu

áskriftarloforða í gíró; við þetta hafi margir áskrifenda ekki viljað sætta sig og því ekki innleyst loforð sín, er ekki var boðin fram lögmæt kvittun;

að stjórnin hafi ráðstafað áskriftarhlutum til annarra án þess að tilkynna áskrifendum um það sérstaklega;

að stjórnin hafi síðan ákveðið hækkun hlutafjár og það hlutafé að verulegu leyti verið keypt af nýjum hluthöfum;

afleiðingar þessa séu orðnar þær, að hlutafélag, sem stofnað var til af nokkur hundruðum félaga, sé nú komið í hendur til-tiltölulega fárra manna.

Stefnendur kveðast hafa leitað liðsinnis viðskiptaráðherra samkvæmt ákvæðum 150. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en erindi þeirra verið synjað með úrskurði ráðherrans 5. mars sl. Sé þeim því nauðsynlegt, vilji þeir eigi una úrskurðinum, að skjóta málinu til dómstóla innan 30 daga samkvæmt niðurlagi 150 gr.“

Engin frekari grein er gerð fyrir málavöxtum í greinargerð stefnenda.

Fiskeldi h/f lýsir málavöxtum þannig í greinargerð, sem lögð var fram í bæjarþinginu 5. maí 1981:

„Fiskeldi h.f. var stofnað 17. apríl 1980, og var tilgangur félagsins að kanna líffræðilega, tæknilega og fjárhagslega möguleika á fiskeldi hér álandi, þ. m. t. markaðsmöguleika, og að hefja að því búnu fiskeldi, þegar fært og hagkvæmt þykir. Ennfremur að vinna að fullvinnslu framleiðsluafurða á neytendamarkað ásamt sölu og markaðssetningu afurða svo og uppbyggingu og rekstri hliðargreina fiskeldis að því marki sem nauðsynlegt er til að ná tilgangi félagsins, sem og kaup og rekstur fasteigna og lánastarfsemi í sama skyni, eins og fram kemur í 2. gr. stofnsamnings og samþykktu félagsins, sbr. dskj. nr. 5 og 6. Söfnun hlutafjárloforða hafði áður farið fram á meðal almennings, bæði einstaklinga og fyrirtækja og bæjarfélaga, og voru stofnendur alls 625 talsins og hlutafé gkr. 104.500.000. Lágmarkshluttur í félaginu var gkr. 100.000, en ekkert hámark var sett á hlutafjäreign einstakra hluthafa, þótt fram væri tekið í 19. gr. samþykktu félagsins, að enginn hluthafi gæti farið með fyrir sjálf sín hönd eða annarra meira en 1/5 hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Félagið réðst fljótlega í framkvæmdir, og voru hlutafjárloforð innkölluð sumarið og haustið 1980 í tvennu lagi, helmingur í senn. Innheimta hlutafjárloforða gekk þó verr en vonir stóðu til, og skapaði það félaginu mikla fjárhagsörðugleika. Fór svo á endan-

um, að stjórn félagsins sá sér ekki annað fært að undangengnum ítrekuðum innheimtubréfum, símhringingum og aðvörunum til hlutafjáraskrifenda í vanskilum en að selja ógreitt hlutafé öðrum, en það hafði þá áður verið auglýst til sölu í dagblöðum.

Stefnendur sátu allir í stjórn félagsins eða varastjórn, þegar fyrrgreindar ákvarðanir voru teknar, og tóku þátt í töku þeirra. Tveir þeirra sögðu sig hins vegar úr stjórn félagsins í nóvember 1980 vegna ágreinings um önnur mál. Í febrúarmánuði 1981, allnokkru eftir að ógreiddir hlutir höfðu verið seldir öðrum, tóku stefnendur sig allt í einu til og mótmæltu ýmsum ráðstöfunum stjórnar, sem þeir höfðu áður átt hlut að. Kærðu þeir til viðskiptaráðuneytisins, sbr. dskj. nr. 4, og kröfðust þess, að stjórn umbjóðanda míns yrði að viðlögðum dagsektum eða vikusektum boðið að inna ýmis verk af hendi, auk þess sem þeir kröfðust þess, að lagt yrði fyrir stjórnina að fresta aðalfundi félagsins.

Með úrskurðum viðskiptaráðuneytisins 19/2 1981 og 5/3 1981, sbr. dskj. nr. 21 og 22, var kröfum stefnenda synjað. Aðalfundur félagsins var svo haldinn 21. febrúar 1981 og félaginu þar kjörin ný stjórn. Á þeim fundi flutti einn stefnenda dagskrártillögu um, að aðalfundi yrði frestað, þar til úrskurður viðskiptaráðherra væri fallinn um þá úrskurðuð atriði í kæru stefnenda til ráðherra. Þessi tillaga fékk 45 atkvæði á fundinum, en 1265 greiddu atkvæði á móti, og 2 atkvæði voru ógild. Lýsti þessi niðurstaða því vel, hversu lítinn hljómgrunn málflutningur og umkvartanir stefnenda áttu á aðalfundi félagsins, sbr. dskj. nr. 32.“

Kröfu sína um frávísun 5. liðs í dómkröfum stefnenda styður félagið þeim rökum, að ekki verði með dómi kveðið á um það, hvaða ákvarðanir aðalfundir félagsins geti tekið í framtíðinni. Þegar litið sé til 28. gr. hlutafjárlaga nr. 32/1978, sem fjalli um hækkun hlutafjár, þá geymi 1. mgr. þá meginreglu, að hluthafar eigi við hækkun hlutafjár rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Þessi sama meginregla sé í 6. gr. samþykktu félagsins. En í 4. mgr. 28. gr. sé heimild þess efnis, að hluthafafundur geti með því atkvæðamagni, sem kveðið sé á um í 76. gr. laganna, ákveðið að víkja frá aðalreglunni, er greini í 1. mgr. 28. gr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Þess vegna geti hluthafafundur sá, sem um sé rætt í 5. lið dómkrafna stefnenda, með tilskildum meiri hluta, svo gilt sé, breytt ákvæðum 6. gr. samþykktu félagsins um forkaupsrétt hluthafa að aukningarhlutum í samræmi við skráða hlutafjáreign þeirra og tekið aðra ákvörðun, t. d. um að bjóða hlutaféð út á almennum

markaði. Þessa heimild geti dómstólar ekki takmarkað fram í tímann og beri því að vísa þessum lið frá dómi.

Stefnendur andmæla kröfu þessari um frávísun með þeim rökum, að hér sé um að ræða efnisatriði í málinu, sem annað hvort beri að taka til greina eða sýkna af, frávísun komi ekki til greina. Dómurinn hafði lögsögu í málinu um þetta atriði, stefnt hafi verið fyrir rétt varnarþing, krafan sé nægilega reifuð, skýr og framkvæmanleg, til þess að ekki sé um neinar þær frávísunarástæður að ræða, sem lög nr. 85/1936, 67.—69. gr., geri ráð fyrir né önnur ákvæði.

Niðurstaða.

Stefnendur gera í máli þessu kröfur á hendur Fiskeldi h/f, sem látið hefur sækja þing, og einnig á hendur „hluthöfum í Fiskeldi hf., sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980“. Stefnan var gefin út 30. mars 1981 og birt í Lögbirtingablaði 8. apríl s. á. Var þetta eina birting stefnunnar.

Hluthafar í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, sem fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, hafa engir sótt né látið sækja þing í málinu.

Í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 er undantekning frá almennum reglum 95. gr. um stefnubirtingar, og segir þar, að birta skuli stefnu í auglýsingablaði landsstjórnarinnar, þegar ókunnugt sé, hvar birta skuli, eða birta skuli óákveðnum mönnum. Reglu þessa ber að skýra þröngri lögskýringu. Samkvæmt 7. gr. samþykktu Fiskeldis h/f og 24. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög skal stjórn félagsins halda nákvæma hlutaskrá, og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að skránni og mega kynna sér efni hennar. Þegar þetta er virt, verður að telja, að hluthafar þeirra í félaginu, sem stefnendur beina kröfum að í málinu, séu nægilega tilgreindir í hlutaskrá, til þess að vitað sé um þá. Þess vegna hefði bæði átt að greina þá í stefnu skv. 88. gr. laga nr. 85/1936 og birta þeim stefnuna á lögformlegan hátt samkvæmt almennum ákvæðum 95. gr. laganna. Þar sem þessa var ekki gætt af stefnenda hálfu, ber af sjálfsdáðum að vísa öllum kröfum á hendur þessum hluthöfum frá dómi.

Fiskeldi h/f hefur látið sækja þing í málinu óstefnt.

Fallast ber á með talsmanni félagsins, að liður 5 í dómkröfum stefnenda lúti að ákvörðun, sem hluthafafundur félagsins getur tekið í framtíðinni, og að dómurinn geti ekki eðli máls samkvæmt

tekið þessa ákvörðun um málefni félagsins fyrir hluthafafund. Hér er því sakarefni, sem samkvæmt eðli sínu sætir ekki lögsögu dómsins, og ber skv. 66. gr. laga nr. 85/1936 að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Kröfum stefnenda á hendur hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, er sjálfskrafa vísað frá dómi.

Lið 5 í dómkröfum stefnenda, „að hlutafjárauðning, sem ákveðin kynni að verða af þeim aðalfundi, verði boðin hluthöfum í hlutfalli við hlutafjáreign, sem nú er fyrir hendi orðin“, er vísað frá dómi.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Föstudaginn 18. desember 1981.

Nr. 78/1980. **Geir Gunnar Geirsson og**

Guðbjörn Guðjónsson

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Einari Matthíasi Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Víxilmál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr.